

## Samstarfsnefnd háskólastigsins

# Háskólamenntun í nútímasamfélagi

Rektorar íslenskra háskóla ræða stöðu háskólamenntunar á Íslandi.

### Ef undirfjármögnun verður viðvarandi

- mun framþróun láta undan
- mun alþjóðleg samkeppnishæfi minnka
- tapast mannauður (innlendir og erlendir)
- verður að fækka nemum
- minnkar fjölbreytileiki í námsframboði/þekkingu

### Samstarf innanlands og utan/mögulegar sameiningar

- Alþjóðasamstarf gríðarlega mikilvægt og þarf að nýta tækifærin sem þar liggja. Jafnrétti, gæði náms, nýsköpun, fjölbreytni og samstarf. Samstarf þróast úr grasrótastarfi
- Vantar stefnumörkun í háskólasamfélaginu sem styður við alþjóðasamstarf
- Fagleg samkeppni milli skóla mikilvæg
- Undirfjármögnunin er slík (íslenskir háskólar fá 9 þús. dollara/nemanda á ári meðan Norðurlöndin fá 17 - 20 þús. dollara/nemanda á ári) að sameining mun breyta litlu þar um
- Háskólarnir eru sterkastir þegar þeir koma saman sem ein rödd

### Sýnileiki

- Vettvangur eins og þessi fundur er mikilvægur því háksólar eru ekki alltaf á allra vörum
- Samtal milli háskóla og samfélags mikilvægt
- Þrýstingur frá stúdentum mætti vera meiri þar sem um framtíð þeirra er í húfi
- Aukning í samfélagssumræðu um háskólamál hefur ekki haldist í hendur við aukningu í fjölda háskólanema

### Hlutverk í uppbyggingu samfélags

- Háskólamenntun grunnurinn að öllu sem við gerum í dag (verðmætasköpun, hugvit, innviðir samfélagsins, menntakerfið, réttarkerfið, heilbrigðiskerfið o.s.frv.)
- Illa fjármagnað kerfi rekið fyrir rúmlega 40% af því sem Norðurlöndin gera. Almennigur virðist ekki gera sér grein fyrir því
- Ungt fólk áttar sig á að mannauðurinn er í menntun
- Styrkja þarf faglega fjölmenningu til að styðja við fjölbreytt samfélag. Einsleitni í námsvali er vandamál
- Listir hafa hugmyndafræðileg og hagfræðileg áhrif og eru stöðug auðlind
- Skólar eru undir þrýstingi að sinna samfélagsþjónustu í svo litlu samfélagi. Margt er þegar gert en háskólakennarar þurfa raunverulegt svigrúm til að sinna slíkum verkefnum